

Reykjanesbær 18.02.2019

Þingskjal 136

Íþróttabandalag Suðurnesja.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurgreiðslu til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Íþróttabandalag Suðurnesja lýsir yfir mikilli ánægju með framkomið frumvarp. Það er skoðun ÍS að þær lagabreytingar sem um ræðir muni hafa jákvæð áhrif á allt íþróttastarf í landinu. Ennfremur myndu slíkar lagabreytingar leiða til þess að íþróttafélög eigi auðveldara með að efla og bæta aðstöðu sína sem stuðlar að öfluggu íþróttastarfi innan raða Íþróttabandalags Suðurnesja. Mikilvægi íþróttafélaga í forvarnarstarfi, æskulýðsstarfi og við eflingu lýðheilsu er óumdeilt. Því munu félög innan Íþróttabandalags Suðurnesja standa styrkari fótum ef frumvarp þetta verður að lögum.

Virðingarfyllst
Gunnar Jóhannesson
Formaður Íþróttabandalags Suðurnesja

